

151
26. okt.

AUGLÝSING

um sektargerðir lögreglumanna.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 73 6. júlí 1961, um sektargerðir lögreglumanna, eru settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Sektarheimild lögreglumanna nær til eftirtalinna brota:

1. Brot á ákvæðum um stöðvunarskyldu (48. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
2. Brot á ákvæðum um biðskyldu (48. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
3. Brot á fyrirmælum um skoðun ökutækja (18.—19. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
4. Brot á ákvæðum um umferðarljós (III. kafli reglugerðar um umferðarmerki nr. 61 1959).
5. Brot á ákvæðum um stöðu og stöðvun ökutækja (51. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
6. Brot á ákvæðum um ljósaútbúnað ökutækja (5.—8. gr. og 53. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).

2. gr.

Sektarupphæð fyrir hverja tegund brots samkv. 1. gr. skal vera sem hér segir: Brot samkvæmt 1.—4. tölulið varða sekt að fjárhæð kr. 150.00. Brot samkvæmt 5. og 6. tölulið varða sekt að fjárhæð kr. 100.00.

Þetta tilkynnist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. október 1961.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

152
28. okt.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Eskifjarðarhreppi.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Eskifjarðarhrepps, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.70% af fasteignamatsverði hússins. Lágmarksskattur á íbúð skal þó vera kr. 100.00 á ári.

Sama gildir um önnur hús, er fá veitt vatni úr vatnsveitu hreppsins.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verkmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt 1. mgr. samkvæmt mæli með 50 152
aura verði fyrir hvern tengingsmetra. 28. okt.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 1. mgr. segir, og skal vatnsveitan þá áætla aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

Árlegur vatnsskattur á vörubíl skal vera kr. 100.00 og á fólksbíl kr. 50.00.

3. gr.

Hafnarnefnd ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, en greiða skal hafnarsjóður fyrir vatnið eftir ákvörðun hreppsnefndar.

4. gr.

Vatnsveitunni er heimilt eftir því, sem ástæður leyfa, og almenningsþörf krefur: að skammta vatn, einnig til almenningsþarfa, þegar ónógt vatn er fyrir hendi, að loka fyrir vatnsrennsli til þeirra, sem vanrækja að gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi hreppsnefndar þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

5. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mælingu, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á fjórum gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, án staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, hvort heldur er einstaka liði eða gjöldin í heild.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.